

Endurskoðun laga um  
eignarrétt og afnotarétt  
fasteigna, nr. 19/1966

---

**Skýrsla nefndar**

*30. maí 2014*

## I. Skipan og störf nefndarinnar

Í september 2013 samþykkti ríkisstjórnin að tillögu innanríkisráðherra að hafist yrði handa við heildarendurskoðun laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna. Markmið endurskoðunar skyldi vera m.a. að tryggja að skýr lög og reglur gildi á þessu sviði. Mikilvægt var talið að treysta bæri lagalegan grunn erlendra fjárfestinga og tryggja að ákvarðanir tengdar þeim byggi á skýrum almennum reglum en ekki á undanþáguákvæðum eða ívilnunum. Þá þyrfti einnig að skoða þörf fyrir sérreglur og vernd er varðar bújarðir og landsvæði sem m.a. eru nýtt til landbúnaðar og/eða hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska hagsmuni og umhverfisvernd.

Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnar skipaði innanríkisráðherra nefnd til að vinna að umræddri endurskoðun og samkvæmt verkefnisáætlun bar nefndinni að skila áfangaskýrslu til ráðherra eigi síðar en í apríl 2014.

Í nefndinni eiga sæti Katrín Olga Jóhannesdóttir, rekstrarhagfræðingur og jafnframt formaður skipuð af innanríkisráðherra, Sigríður Á. Andersen, lögfræðingur, skipuð af innanríkisráðherra, Ása Þórhildur Þórðardóttir, lögfræðingur, tilnefnd af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Þórður Reynisson, lögfræðingur, tilnefndur af iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Kristján Andri Stefánsson, skrifstofustjóri, tilnefndur af utanríkisráðherra. Þá hefur Rebekka Hilmarsdóttir, lögfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, setið fundi nefndarinnar. Með nefndinni hafa starfað frá innanríkisráðuneytinu Hermann Sæmundsson, skrifstofustjóri, Elín Rósa Finnbogadóttir, fulltrúi, Helgi Valberg Jensson, lögfræðingur, Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson, lögfræðingur og Snjólaug Árnadóttir, lögfræðingur.

Samkvæmt skipunarbréfi átti nefndin að skila skýrslu og tillögum til ráðherra eigi síðar en í janúar 2014. Þegar ljóst var að ekki næðist að ljúka starfi nefndarinnar fyrir upphafleg tímamörk var nefndinni veitt heimild til að ljúka sinni vinnu í maímánuði. Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í mars 2014.

Nefndin hefur kynnt sér sjónarmið fjölda aðila sem þessi mál varða.

Hér með leggur nefndin fram tillögur sínar um með hvaða hætti mætti breyta lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966, með síðari breytingu, sem miða að því að færa lögin til betra samræmis við þau markmið sem sett voru í skipunarbréfi nefndarinnar.

## II. Meginsjónarmið og markmið

Nefndin telur að erlend fjárfesting auki hagsæld og fjölbreytileika í íslensku samfélagi og atvinnulífi. Farsælast sé að auka frjálsræði á þessu sviði og draga úr undanþágum eins og kostur er.

Nefndin telur mikilvægt að við þróun reglna á þessu sviði sé gætt eins mikils jafnræðis og kostur er, t.d. hvað varðar þjóðerni eða búsetu. Vega eigi þyngra tilgangur nýtingar á jarðnæði en eignarhald innlendra eða erlendra aðila, með öðrum orðum að notagildi sé sá þáttur sem mestu máli skiptir. Jafnræði að þessu leyti skapar að mati nefndarinnar jákvæð viðhorf til fjárfestinga hér á landi og gildir ótvírætt innan EES svæðisins.

Því telur nefndin mikilvægt að erlendir aðilar sem hyggjast fjárfesta hér í fasteignum og atvinnulífi, viti að hverju þeir ganga. Það verði best gert með skýrum og einföldum reglum, sem og aðgengilegum upplýsingum um réttindi og skyldur.

Þótt megin sjónarmiðið sé frjálsræði og gegnsæi telur nefndin að tiltekna takmarkanir á möguleikum erlendra aðila utan EES til að öðlast réttindi yfir jarðnæði hér á landi geti verið réttlætunarlegar og nauðsynlegar. Ljóst er að flest ef ekki öll lönd hafa slíkar takmarkanir gagnvart fjárfestingum frá þriðju ríkjum. Að baki slíkum sjónarmiðum standa t.d. viðhorf um mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði eða fullveldi landsins og möguleika komandi kynslóða til að njóta arðs af auðlindum landsins til lengri framtíðar.

Í mörgum ríkjum sem nefndin skoðaði til samanburðar eru settar tiltekna takmarkanir, t.d. um stærð lands eða fjölda eigna sem aðilar utan EES geta fjárfest í og sem dæmi setur Austurríki landakvóta á tilteknum svæðum. Þá kunna náttúrverndarsjónarmið eða menningarleg sjónarmið einnig að vera ástæða til takmarkana. Nefndin er sammála um að sé gripið til takmarkana þurfi þær að vera nauðsynlegar með vísan til ríkra almannahagsmuna, vel rökstuddar, skýrt afmarkaðar og að ekki sé gengið lengra en þörf er á.

Að mati nefndarinnar ættu meginmarkmiðin við endurskoðun laganna að vera eftirfarandi:

- Að auka jafnræði, gagnsæi og skilvirkni varðandi heimildir erlendra aðila utan EES (einstaklinga og lögaðila) til að öðlast eignar- og afnotarétt yfir fasteign og jarðnæði hér á landi.
- Fækka undanþágum frá ákvæðum laga.
- Að heimildir og takmarkanir erlendra aðila utan EES til fjárfestinga í fasteignum hér á landi séu skýrar.
- Lögfesta það sem nú tíðkast við afgreiðslu mála á grundvelli undanþáguheimildar ráðherra.

Á þessum grundvelli byggjast tillögur nefndarinnar.

### **III. Stefna og inntak endurskoðunar**

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir tillögum nefndarinnar um heimildir aðila utan EES svæðisins til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum hér á landi. Leitast er við að tillögurnar samræmist ofangreindum markmiðum. Þess ber að geta að hér er því verið að tala um útfærslur varðandi heimildir og um leið takmarkanir aðila utan EES til fjárfestinga hér á landi í húsnæði og landi. Kaflinn fjallar því ekki um réttindi EES borgara og lögaðila. Ekki er verið að leggja til að þrengja þeirra rétt frá því sem nú er en nánar er fjallað um þau réttindi í næsta kafla.

#### **1. Um eignarrétt og afnotarétt yfir húsnæði**

Nefndin telur að engar eða óverulegar takmarkanir eigi að vera á fjárfestingum erlendra aðila í húsnæði. Því leggur nefndin eftirfarandi til:

1. Að þeir sem vilja og þurfa á eignar- eða afnotarétti yfir húsnæði að halda hér á landi geti öðlast þau réttindi á sama hátt og eftir sömu leikreglum og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.

Í þessu felst að þjóðerni skiptir ekki máli þegar einstaklingar eða lögaðilar fjárfesta í húsnæði hér á landi, eða taka húsnæði á leigu til langs tíma. Ekki þyrfti því leyfi ráðherra eins og nú er hvað varðar aðila utan EES svæðisins til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt af húsnæði.

Til umræðu kom í nefndinni hvort málefnalegt væri að takmarka þessar heimildir við tiltekinn fjölda eigna eins og gert er í sumum ríkjum. Forsenda slíkrar takmörkunar væri sú að mikil og skyndileg uppkaup fjársterkra erlendra aðila gætu raskað jafnvægi á markaði eða takmarkað óeðlilega afnot innlendra aðila af eftirsóttum svæðum til búsetu eða fyrir atvinnustarfsemi. Nefndin skilur þá spurningu eftir opna en bendir á eftirfarandi leið, standi vilji til að beita slíkri takmörkun.

2. Að sækja þurfi um heimild ef fjöldi eigna, sem aðili eða tengdir aðilar vilja eignast, fer yfir ákveðna tölu. Við leyfisveitingu verði tilgangur fjárfestingar metinn, sem og önnur málefnaleg atriði. Hér kynni t.d. að skipta máli að afnotin séu til búsetu eða beinnar notkunar fyrir atvinnustarfsemi.

## 2. Um eignarrétt og afnotarétt yfir landi

Hvað varðar eignarrétt eða afnotarétt á landi telur nefndin rétt að skipta þeirri umfjöllun í tvennt, annars vegar hvað varðar land (lóðir) innan skipulagðs þéttbýlis og hins vegar utan skipulagðs þéttbýlis.

### a. Land innan skipulagðs þéttbýlis

Almennt telur nefndin að sama regla eigi að gilda fyrir eignarrétt og afnotarétt yfir landi (lóðum) innan skipulagðs þéttbýlis og lagt er til varðandi húsnæði, sbr. tillögu 1. Því leggur nefndin eftirfarandi til:

3. Engin takmörkun verði á **afnotarétti** (leigurétti) erlendra aðila á skipulögðu svæði innan þéttbýlis, hvort heldur landnotkun er tengd fasteign til íbúðar, orlofsdvalar eða til beinnar notkunar fyrir atvinnustarfsemi.
4. Sé um **eignarrétt** lands að ræða takmarkast hann við stærð lands, við 5-10 hektara.

Tillaga 4 byggir á athugun nefndarinnar á stærð lóða undir atvinnuhúsnæði á landinu öllu. Í ljós kom að 89% atvinnuhúsalóða er innan við einn hektara að stærð og 98% lóða er innan við 5 hektara og 99% innan við 10 hektara. Því telur nefndin að ákvörðun um að takmarka stærð lóða til eignar við 5-10 hektara hvað eignarrétt varðar sé óveruleg takmörkun en væri um leið í fullu samræmi við meginmarkmið endurskoðunarinnar. Þessum rökum til viðbótar er til vinnslu frumvarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingu á jarðalögum nr. 81/2004 um heimild sveitarfélaga til að breyta skipulagi á landi í landbúnaðarnotum fyrir land minna en 5 hektarar án aðkomu ráðherra. Telur nefndin það styðja framangreindar tillögur

### b. Land utan skipulagðs þéttbýlis

Hvað varðar eignarrétt og afnotarétt yfir landi utan skipulagðs þéttbýlis leggur nefndin til þrjár tillögur. Ástæður fyrir takmörkunum á uppkaupum á landi utan skipulagðs þéttbýlis grundvallast fyrst og fremst á sjónarmiðum um þörf fyrir vernd er varðar matvælaframleiðslu til framtíðar (landbúnaðarnotkun), mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði eða fullveldi landsins, þar með uppkaupum á jarðnæði, möguleikum komandi kynslóða til að njóta arðs af auðlindum landsins til lengri framtíðar og síðast en ekki síst mikilvægi umhverfisverndar og verndun menningar. Því leggur nefndin eftirfarandi til:

5. Takmarkaðar verði heimildir erlendra aðila frá ríkjum utan EES til að eignast land undir fasteign til að halda þar **heimili** eða **frístundahús** utan skipulagðs þéttbýlis:
  - 5.1 Annars vegar stærðartakmörkun, sem miðast við einn hektara.
  - 5.2 Hins vegar fjöldatakmörkun, sem felur í sér heimild fyrir eina lóð fyrir einstakling og lögaðila (að meðtöldum tengdum aðilum).
6. Takmarkaðar verði heimildir erlendra lögaðila utan EES til að eignast land til beinnar notkunar fyrir **atvinnustarfsemi** utan skipulagðs þéttbýlis:
  - 6.1 Stærðartakmörkun sem miðast t.d. við 5 til 10 hektara.
  - 6.2 Fjöldatakmörkun sem felur í sér heimild fyrir eina lóð fyrir lögaðila (að meðtöldum tengdum aðilum).
  - 6.3 Að land sé neðan við skilgreinda hálandislínu, sbr. skipulagslög þar að lútandi.
7. Varðandi afnotarétt (leiguafnot) yfir húsnæði og landi leggur nefndin til þá breytingu að erlendir aðilar geti tekið allt það land á leigu sem þeir hafa þörf fyrir til beinnar notkunar fyrir atvinnustarfsemi til t.d. tíu ára án sérstakra heimilda í stað þriggja ára eins og nú er.

Talsverð umræða var í nefndinni um ofangreind stærðarmörk og voru skiptar skoðanir um það hver væru eðlileg viðmið í því sambandi. Tillagan um stærðarmörk sem kynnt er hér í tillögu 6.1 er til viðmiðunar, en hún byggir á sömu sjónarmiðum og voru sett fram við tillögu 4, þ.e. að 98% atvinnuhúsalóða er innan við 5 hektara og 99% innan við 10 hektara.

Þau sjónarmið voru reifuð í nefndinni að það færi betur á því að nýting aðila utan EES á landi á Íslandi væri í formi afnotaréttar fremur en eignarréttar. Langtímaleiga væri t.d. heppilegra form réttinda þegar horft er til sjónarmiða um fullveldis og sjálfsforræðis þjóðarinnar fremur en varanlegt eignarhald erlendra aðila á landi. Því er lagt til að lengja leiguafnot í 10 ár í tillögu 7.

### 3. Ýmis verndunarsjónarmið til athugunar

Nefndin telur rétt að skoðað verði sérstaklega hvort útfæra eigi ákvæði sem takmarkar heimildir aðila frá ríkjum utan EES til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum eða landsvæðum sem þykja hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Það á m.a. við um fasteignir innan þjóðgarða eða sérstök verndarsvæði.

Rætt var um það í nefndinni hvort þörf væri á og málefnalegt að setja almenna takmörkun, sem tæki til allra aðila óháð þjóðerni, á heimildum til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir miklu landflæmi. Væri t.d. málefnalegt, með vísan til almannahagsmuna, að setja almenn takmörk á eignarhald eins aðila (einstaklings eða lögaðila) yfir fleiri þúsundum hektara? Kæmi til álita að meta þyrfti slík uppkaup á landi með hliðsjón af tilgangi og fyrirhugaðri notkun? Nefndin gerir ekki formlega tillögu um þetta atriði, en telur brýnt að stjórnvöld taki afstöðu til slíkra spurninga. Verði hins vegar slíkar takmarkanir settar telur nefndin mikilvægt að gætt sé jafnræðis og þær gildi jafn fyrir íslenska ríkisborgara og aðra, sbr. skilyrði EES samningsins sem nánar er fjallað um hér á eftir.

Þá var umræða í nefndinni um samspil eignarhalds á landi og auðlinda, en samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 fylgir eignarlandi eignarréttur að auðlindum í jörðu. Samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 fylgir landareign hverri réttur til umráða og hagnýtingar á því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er. Því er ljóst að erlendu eignarhaldi á landi fylgir jafnframt yfirráð auðlinda. Ekki er gerð tillaga um þessi atriði, en nefndin vekur engu að síður athygli á að þessi sjónarmið skipta máli í tengslum við þróun löggjafar á sviði eignarréttar.

## 4. Undanþágur sem ráðherra samþykkir

Nefndin leggur til að heimild ráðherra til að veita undanþágur frá meginreglum verði þrengdar frá því sem nú er.

8. Lagt er til að ef aðilar frá ríkjum utan EES þurfa heimildir umfram framangreindar reglur er varðar jarðnæði, og þá sérstaklega til beinnar notkunar fyrir atvinnustarfsemi, þá geti innanríkisráðherra veitt undanþágu þannig að eignar- eða afnotaréttur nemi t.d. allt að 25 hekturum.
9. Nefndin leggur til að heimild ráðherra verði víðtækari ef um er að ræða sérstaka atvinnuuppbyggingu á tilteknum svæði enda sé um leiguafnot sé að ræða. Nefndin tekur ekki afstöðu til hver slík mörk eigi að vera, hvorki með tilliti til stærðar lands eða árafjölda leigusamnings, en bendir á þau sjónarmið sem hafa verið til viðmiðunar í skýrslu þessari.

Við leyfisveitingu mætti meðal annars að taka mið af eftirfarandi atriðum:

- Fyrirhugaðri notkun.
- Þjóðhagslegri hagkvæmni.
- Áhrifum á umhverfi og samfélag.
- Afstöðu sveitarstjórnar.
- Gagnsæi eignarhalds.
- Þörf fyrir land með tilliti til notkunar.

Takmörkun á valdi ráðherra samkvæmt tillögum 8 og 9 miðar að því að afmarka og skýra valdmörk. Nefndin telur eðlilegt í ákveðnum tilfellum að löggjafinn ákveði hvaða undanþágur skuli veittar frá skilyrðum laganna. Því er lagt til að undanþágur umfram heimildir ráðherra samkvæmt ofangreindum tillögum verði háðar samþykki Alþingis. Í frumvarpi til breytinga á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna þyrfti að skilgreina nánar þau sjónarmið og málsmeðferð sem Alþingi gæti haft til hliðsjónar við meðferð þessara mála.

## IV. Réttindi aðila frá ríkjum innan EES

Samkvæmt núgildandi lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna hafa aðilar á EES svæðinu, einstaklingar og lögaðilar, sömu réttindi og íslenskir ríkisborgarar og þurfa því ekki að afla leyfis ráðherra (sbr. 2. tl. 4. mgr. 1. gr. laganna). Í gildi er reglugerð nr. 702/2002 um rétt útlendinga, sem falla undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu, til að öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum þar sem nánar er útfært til hvaða fasteigna þessi réttur tekur og framkvæmd réttarins að öðru leyti.

Hinn 17. apríl 2013 undirritaði þáverandi innanríkisráðherra reglugerð um breytingu á ofangreindri reglugerð nr. 702/2002. Breytingin fól í sér að skýrt var mælt fyrir um að rétturinn til frjálsra fjármagnsflutninga væri ekki sjálfstæður réttur heldur einungis liður í því að aðilar innan EES gætu öðlast fasteignaréttindi hér á landi í tengslum við hina þrjá þætti fjórfrelsisins, þ.e. frjálssa för fólks, staðfesturétt og þjónustustarfsemi. Það þýddi að erlendum aðila með lögheimili á evrópska efnahagssvæðinu væri óheimilt að kaupa land nema kaupin væru sannanlega liður í því að hann nýtti rétt sinn til að hafa hér á landi lögmeata dvöl eða starfsemi. Takmarkanir voru því gerðar á rétti EES ríkisborgara sem ekki var með búsetu hér á landi til að eignast fasteign sem væri honum ekki nauðsynleg vegna atvinnustarfsemi hans eða til að halda þar heimili. Þetta átti einnig við um lögaðila á evrópska efnahagssvæðinu.

Núverandi innanríkisráðherra felldi umrædda breytingu úr gildi með reglugerð nr. 716/2013 sem undirrituð var þann 25. júlí 2013 og kom á fyrra réttarástandi. Taldi ráðherra að í ljósi vafa um lögmæti reglugerðarinnar væri rétt að skoða málið heildstætt, í samvinnu við önnur ráðuneyti eftir því sem við ætti, og að fram þyrfti að fara heildarendurskoðun á lögum og reglum um rétt útlendinga til að öðlast eignarétt og afnotarétt yfir fasteignum.

Nefndin hefur því fjallað sérstaklega um rétt aðila frá ríkjum EES til eignarréttar og afnotaréttar á Íslandi með hliðsjón af skuldbindingum Íslands á grundvelli EES samningsins. Í því skyni að skýra betur réttinn og heimildir til takmörkunar fól nefndin lögmanninum Páli Ásgrímssyni og Finni Magnússyni að yfirfara þau álitæfni sem uppi eru í því sambandi. Þeim var einnig falið að yfirfara lagarök og sjónarmið sem fram koma í öðru lögfræðiáliti og var grundvöllur ákvörðunar fyrri innanríkisráðherra. Þeir skiluðu skýrslu sinni þann 12. maí sl. og er hún meðfylgjandi. Niðurstaða þeirra var m.a. sú að litlar líkur væru á því að Eftirlitsstofnun EFTA og eftir atvikum EFTA dómstóllinn myndu fallast á lagatæknilega nálgun við mat á svigrúmi íslenska ríkisins til að takmarka rétt erlendra aðila til að kaupa fasteignir hér á landi. Þá kom fram eftirfarandi álit:

*Að teknu tilliti til dóma EFTA-dómstólsins (og eftir atvikum Evrópu-dómstólsins) og nýlegri ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA vegna kvörtunar gegn Noregi verður talið að EES-ríkisborgarar eigi sjálfstæðan rétt til að kaupa fasteignir hér á landi á grundvelli 40. gr. EES-samningsins. Á sama tíma verður talið að íslenska ríkið hafi svigrúm til að takmarka þennan rétt á grundvelli EES-samningsins eða almannahagsmuna. Við þá takmörkun er mikilvægt að byggja á lögmætum sjónarmiðum, en af dómaframkvæmd Evrópu-dómstólsins má ráða að ákveðin sjónarmið teljist lögmæt í þessum skilningi. Um er að ræða sjónarmið um:*

- skipulag tiltekinna svæða
- landbúnað og rekstur tiltekinna bújarða
- stefnu stjórnvalda að búið skuli á tilteknum svæðum allan ársins hring
- umhverfisvernd og vernd sérstakra menningarsvæða

*Algjört bann er við því að takmarka rétt einstaklinga og lögaðila á grundvelli þjóðernis - m.ö.o. mismunun á grundvelli ríkisfangs er í andstöðu við EES-samningsins. Í þeim tilvikum þar sem réttur einstaklinga og lögaðila er takmarkaður ber samningsríki að EES-samningnum að gæta meðalhófs. Í því felst að ef samningsríki getur náð markmiðum sínum, um t.d. landbúnað, með öðru og vægara móti en gert er þá ber samningsríki að beita vægara úrræði eftir því sem frekast er kostur.*

Með hliðsjón af framansögðu leggur nefndin ekki til neinar breytingar hvað varðar réttindi EES borgara í þessu sambandi. Hins vegar kann að vera þörf fyrir að yfirfara bæði reglugerð nr. 702/2002 og eins eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar. Standi hins vegar vilji til þess að takmarka réttindi EES borgara á einhvern hátt verður að gæta að jafnræði þannig að sama takmörkun yrði gagnvart íslenskum ríkisborgurum. Vísað er í því sambandi á ný til skýrslu Páls og Finns, en þeirra niðurstaða er eftirfarandi:

*Ef íslenska ríkið hyggst takmarka rétt erlendra aðila á grundvelli 40. gr. EES-samningsins þá er .... réttast ... að byggja á sambærilegri löggjöf nágrannarjóna í því sambandi, enda er slík löggjöf líkust íslenskri löggjöf af sögulegum ástæðum. Í því sambandi væri nærtækast að horfa til norsks réttar, enda liggur fyrir nýleg ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að ákvæði norsks réttar [búsetukröfur] brjóti ekki gegn 40. gr. EES-samningsins hvað varðar takmörkun á rétti erlendra aðila samkvæmt nefndu ákvæði.*

Nefndin telur því að þessi atriði þurfi að skoða nánar, standi vilji til þess að takmarka réttindin umfram það sem nú er.

## **V. Framkvæmd**

Nefndin telur mikilvægt að efla utanumhald og framkvæmd laga um eignarrétt og afnotarétt á húsnæði og skráningu upplýsinga um réttindi sem erlendir aðilar stofna til hér á landi á grundvelli laganna. Nefndin hefur fengið ábendingar um og sjálf reynt að til dæmis er erfitt að komast að því með einföldum hætti hvernig eftirliti með eignarhaldi fasteigna er háttað hérlandis þegar félög eiga í hlut. Því kæmi til álita til að komið verði á fót sérhæfingu hjá ákveðinni stofnun, t.d. hjá Þjóðskrá Íslands eða einu embætti sýslumanns sem hefði góða yfirsýn yfir stjórnslu og málaflokkinn í heild. Fara þarf yfir eftirlitsákvæði laganna og skerpa á því hver ber ábyrgð og hvernig eftirliti verði best háttað. Því leggur nefndin eftirfarandi til:

10. Að skoðað verði hvort komi til álita að fela ákveðinni stofnun alla stjórnslu á grundvelli laganna og framkvæmd þeirra.

## **Bókun iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis**

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið gerir fyrirvara um að skoða þurfi nánar útfærslu takmarkana hvað varðar stærðarmörk og leigutíma á iðnaðarlóðum til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi.

## **Fylgiskjöl**

- Skýrsla Páls Ásgrímssonar og Finns Magnússonar: Heimild til að takmarka rétt EES ríkisborgara til eignarréttar eða afnotaréttar á fasteignum.

*Reykjavík, 30. maí 2014*